



# Tímabundið

# S T A R F S L E Y F I

## fyrir niðurrif mannvirkja

• • • • •

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

**Leyfishafi: Viddavélar ehf.**

**Kennitala: 561012 0670**

**Heimili: Laxalæk 26, 800 Selfoss**

**Leyfið gildir frá: 23. júlí 2021**  
**Leyfið gildir til: 23. ágúst 2021**

**Starfsemi og staðsetning verks:**

Niðurrif olíugeyma ásamt undir undirstöðum af lóð  
Olíudreifingar ehf. kt. 660695-2069 að Dynskálum 45  
á Hellu í Rangárþingi ytra.

**Starfsleyfisskilyrði:**

- Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
- Eftir því sem við á skal framkvæmdaaðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
- Áður en niðurrif mannvirkis, byggingar eða byggingarhluta hefst skal liggja fyrir:



- a) úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni,
  - b) framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé framkvæmdin byggingar- og/eða framkvæmdaleyfisskyld,
  - c) heimild til meðhöndlunar asbestos frá Vinnueftirlitinu ef asbest er að finna í viðkomandi mannvirki, byggingu eða byggingarhluta.
4. Eftir því sem við á skal tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifsins, áður en niðurrið mannvirkis, byggingar eða byggingarhluta hefst. Allar frárennslislagnir skulu vera frágengnar með fullnægjandi hætti í seinasta lagi við lok niðurrifs.
5. Ávallt skal byrja á að fjarlægja allt asbest úr mannvirkjum, byggingum og byggingarhlutum sem á að rífa. Asbest skal ávallt rífa handvirkt og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrið asbestos í innirými að svæðið skuli lokað af með þeitum efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
6. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki óþægindum í nágrenni framkvæmdarinnar vegna úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónædis.
7. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrið steypu, mûrs, asbest o.p.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolon hjólbarða vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
9. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
10. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. mûrbroti, timbri, járni, plasti o.p.h.
11. Hættulegur fármur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til sliks flutnings.
12. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
13. Ef í ljós kemur við niðurrið mannvirkis, byggingar eða byggingarhluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2021 um mengaðan jarðveg.



**14.** Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarárgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbestos á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafi greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 21. júlí 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

# Viddavélar ehf.

kt. 561012 0670

**Laxalæk 26,  
800 Selfoss**

vegna niðurrifs mannvirkja að Dynskálum 45, 850 Hellu.

### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 19. júní sl. umsókn Viðars Bergssonar, kt. 281165 5509, f.h. Viddavéla ehf., kt. 561012 0670, um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif olíugeyma ásamt undirstöðum og tilheyrandi búnaði að Dynskálum 45, Hellu. Var móttaka umsóknar auglýst þann 21. júní á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og tilkynningaskyldu vegna mengunar. Jafnframt kemur fram í starfsleyfi að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir við niðurrifið fyrr en leyfi byggingafulltrúa liggur fyrir, sé framkvæmdin framkvæmda- og/eða byggingaleyfisskyld.

### **2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða vegna niðurrifs mannvirkja, þá var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að



gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir niðurrif mannvirkja á vegum Viddavéla ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 21. júní sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 19. júlí sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Í 6. gr. samþykktar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 24. október 2019, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint, með gildistíma frá 23. júlí til 23. ágúst 2021.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 21. júlí 2021.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Skýrsla um gerð, magn og lokaáfangastað byggingarúrgangs

Nafn starfsleyfishafa: \_\_\_\_\_ Kt.: \_\_\_\_\_

Heimili starfsleyfishafa: \_\_\_\_\_ Simi: \_\_\_\_\_

Heimilisfang niðurriðs: \_\_\_\_\_

Verklok skv. starfsleyfi: \_\_\_\_\_ Skýrsla móttokin dags: \_\_\_\_\_

Gerð úrgangs	þyngd í tonn eða rúmmál í m <sup>3</sup>	Losunarstaður	Kvittun Meðf.
Blandaður úrgangur (Sorpa fl. 101)			
Grófur úrgangur (Sorpa fl. 250)			
Uppgröftur (ómengður, 1,5 t/m <sup>3</sup> )			
Steinsteypa, mürsteinar, flíesar og keramik (2,35 t/m <sup>3</sup> )			
<input type="checkbox"/> Grjót, <input type="checkbox"/> Möl, <input type="checkbox"/> Sandur, <input type="checkbox"/> Mold, <input type="checkbox"/> Malbik, <input type="checkbox"/> Gler (2 t/m <sup>3</sup> )			
Timbur málað, plastað, blandað (Sorpa fl. 301, 0,5 t/m <sup>3</sup> )			
Timbur, trjáborlir og greinar (Sorpa fl. 302 0,5 t/m <sup>3</sup> )			
Plast (tunnur, fötur og brúsar, Sorpa fl. 391)			
Gólfþúkar/teppi			
Tjörupappi			
Einangrun: frauð, steinull (0,08 t/m <sup>3</sup> ), o.fl.			
Málmrar (þ.m.t. þakjárn og ofnar, 7 t/m <sup>3</sup> )			
Heimilištæki (ísskápar, eldavélar o.p.h.)			
<b>Spilliefni</b>			
Flúorocent ljósastæði og perur			
Asbest (Sorpa fl. 45214)			
Oliumengður jarðvegur (Sorpa fl. 45220)			
Málningaráfgangar og önnur spilliefni			

\*Vinsamlegast gefið upp einingaffölda, rúmtak, eða flatarmál ef þyngd er óþekkt!